



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Greining á framlögum til þróunarsamvinnu

Lokaskýrsla

Lokaskýrsla fyrir meginmálaflokk utanríkisráðuneytisins í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð (KHF). Verkefnið var unnið á þremur árum; 2012-2014. Áfangaskýrsla I var kynnt í fjárlagafrumvarpi ársins 2013 og Áfangaskýrsla II í fjárlagafrumvarpi ársins 2014. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framvindu verkefnisins í heild sinni og gerð verður grein fyrir helstu niðurstöðum í fjárlagafrumvarpi ársins 2015.

Texti fyrir fjárlagafrumvarpið

Verkefnið snýr að greiningu á framlögum Íslands til þróunarsamvinnu með tilliti til þess hvort þeim er ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna, en í þingsályktun um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013–2016 (áður 2011–2014) er jafnrétti kynjanna þverlægt málefni og lögð er áhersla á að bæði kynin hafi jöfn tækifæri til áhrifa, þátttöku og ábata af verkefnum Íslands. Heildarframlög Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu námu rúmum 4,3 milljörðum árið 2013¹, eða 0,26% af vergum þjóðartekjum. Þau námu tæpum 3,3 milljörðum árið 2012 (0,22% af VPT) og tæpum 3 milljörðum árið 2011 (0,21% af VPT). Þar sem framlögin eru í eðli sínu ólík innbyrðis eru notaðar mismunandi aðferðir við greininguna. Fyrsti hluti greiningarinnar snýr að tvíhliða þróunarsamvinnu og eyrnamerkum framlögum til alþjóðastofnana og félagasamtaka sem námu tæpum 64,5% af öllum framlögum árið 2013 (62% árið 2012 og 65% árið 2011). Greiningin leiddi í ljós að hlutfall þeirra verkefna sem hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að meginmarkmiði eða er ætlað að stuðla að því á marktækan hátt var 85,2% árið 2013 (81,7% árið 2012 og 80,6% árið 2011).

Tvíhliða þróunarsamvinna og eyrnamerkt framlög til alþjóðastofnana og félagasamtaka

	2011	2012	2013
Verkefni sem hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að meginmarkmiði	13,6%	11,8%	11,6%
Verkefni sem ætlað er á marktækan hátt að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna.....	67,0%	69,9%	73,6%
Verkefni sem ekki hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að markmiði	19,4%	18,3%	14,8%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%

Þá var einnig rýnt í úttektir sem gerðar voru á verkefnum ÞSSÍ á vettvangi. Sumar þeirra voru mjög jákvæðar hvað varðar framgang jafnréttismála, meðan aðrar sýndu fram á að markmið um jafnrétti kynja skila sér ekki nægjanlega til haghafa á vettvangi. Í þeim tilfellum reyndist sökin ýmist liggja í verkefnisskjölunum sjálfum eða að aðgerðir innan verkefnanna skila sér ekki á fyrirhugaðan hátt til haghafanna. ÞSSÍ hefur þegar brugðist við ábendingum úttektanna og vinnur að endurbótum á verkefnum í samræmi við tillögur sem þar eru settar fram. Á árinu 2013 voru framkvæmdar þrjár úttektir á verkefnum stofnunarinnar í Níkaragva, Namibíu og Malaví. Árið á undan voru framkvæmdar tvær úttektir á verkefnum stofnunarinnar í Mósambík og ein í Úganda.

Annar hluti greiningarinnar lýtur að jafnréttisstarfi alþjóðastofnana og snýr að því að rýna í alþjóðlegar úttektir m.t.t. þess hvernig stofnanir fylgja eftir eigin jafnréttisstefnum og -áætlunum.

Þriðji hluti greiningarinnar snýr að skólum HSP á Íslandi. Landgræðsluskólinn gaf út jafnréttisstefnu á árinu 2013 og í stefnuskjali Sjávarútvegsskólans er að finna afdráttarlausa vísan til kynjajafnréttis sem forsendu aukins árangurs. Jafnréttismál eru hluti af námsefni beggja skólanna. Jarðhitaskólinn vinnur að slíkri stefnumótun og verður fylgst með henni hvað viðvíkur kynjajafnrétti. Þá varð Alþjóðlegi jafnréttisskólinn hluti af neti HSP á Íslandi í maí 2013 sem býður upp á mikla möguleika hvað varðar samstarf á sviði jafnréttismála.

Þá snýr fjórði hlutinn að innleiðingu greiningarinnar í verklag utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ og hefur hún m.a. verið innleidd í þrjú stefnuskjöl á sviði þróunarsamvinnu: Þingsályktun um áætlun um

¹ Tölur fyrir árið 2013 eru bráðabirgðatölur

alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013–2016, Jafnréttisstefnu á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands 2013–2016 og Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi 2013–2016.

Um verkefnið

Verkefni/meginmálaflokkur	Greining á framlögum til þróunarsamvinnu	Dags	15. júní 2014
Ábyrgðaraðili í umboði ráðuneytisstjóra	Pórarinna Söebeck (Utanríkisráðuneyti)		
Teymi	Hannes Hauksson (Þróunarsamvinnustofnun Íslands) Marta Jónsdóttir (Utanríkisráðuneyti)		
Eigandi og stýrihópur	Eigandi: María Erla Marelsdóttir, sviðsstjóri þróunarsamvinnuskrisstofu Stýrihópur: Stýrihópur um þróunarsamvinnu sem nú þegar starfar skv. lögum 121/2008 um þróunarsamvinnu Íslands. Þar sitja: ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri þróunarsamvinnusviðs, deildarstjóri þróunarsamvinnudeildar, yfirmaður Íslensku friðargæslunnar og framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.		
Lýsing verkefnis	<p>Verkefnið snýr að greiningu á öllum framlögum Íslands til þróunarsamvinnu með tilliti til þess hvort verkefnunum er ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Verkefnið er framhald á tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð þar sem framlög utanríkisráðuneytisins til málaflokksins voru greind.</p> <p>Verkefnið byggist á fjórum megináferðum við greiningu framlaga. Stærsti hluti verkefnisins felst í greiningu á framlögum til tvíhliða þróunarsamvinnu og eyrnamerkta framlögum til alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka. Almenn framlög til alþjóðastofnana, þar sem ekki er hægt að rekja til hvaða verkefna íslensk framlög renna, verða skoðuð með tilliti til jafnréttisstefna og -áætlana stofnananna og úttekta þar á. Greining á framlögum til skóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi felst svo í eftirfylgni við að skólarnir setji sér jafnréttisstefnu og innleiði fræðslu um jafnréttismál í námsefnið. Enn fremur verða ákveðin verkefni ÞSSÍ skoðuð nánar m.t.t. hvort markmiðum þeirra um jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna á vettvangi sé náð.</p>		
Markmið verkefnis	Yfirmarkmið verkefnisins er að framlög Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu stuðli að jafnrétti kynjanna og/eða valdeflingu kvenna.		
Jafnréttismarkmið verkefnis	Að framlög Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu stuðli að jafnrétti kynjanna og/eða valdeflingu kvenna.		

Staða verkefnis

<h3 style="text-align: center;">Heildarstaða verkefnis</h3> <div style="display: flex; justify-content: center; gap: 20px;"> Græn <input checked="" type="checkbox"/> Gul <input type="checkbox"/> Rauð <input type="checkbox"/> </div>						
	Græn Á áætlun	Gul Þarfnast aðgerða	Rauð Krítískt	Útskýring á frávikum		
Tímaáætlun	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>			
Fjárhagsáætlun	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>			
Umfang	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>			
Aðgerð: m.v. þá áfanga sem eru í verkáætlun og áttu að hefjast á þessu tímabili		Staða	Lokið	Áætluð lok	Lokið dags	Athugasemdir/áhættuþættir
1	Greining á tvíhliða (eyrnamerkum) framlögum UTN til þróunarsamvinnu árið 2013 m.t.t. kynjajafnréttisstikunnar	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Já	Apríl 2014	Maí 2014	
2	Greining á framlögum ÞSSÍ árið 2013 m.t.t. kynjajafnréttisstikunnar	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Já	Apríl 2014	Maí 2014	
3	Úttekt á þróunarsamvinnu Íslands og Namibíu á sviði sjávarútvegs 1990-2010.	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Já			
4	Úttekt á jarðhitaverkefni ÞSSÍ í Níkaragva 2008-2012	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Já			
5	Úttekt á vatns- og hreinlætisverkefni ÞSSÍ í Malaví	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Já			
6	Fylgjast með úttektum á jafnréttismálum	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Já			

	innan alþjóðastofnana					
7	Fylgja eftir stefnumótun skóla HSP í jafnréttismálum	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Já			
8	Fylgja eftir innleiðingu jafnréttismála í námsefni skólanna	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Já			

Staða: **Græn** = á áætlun, **Gul** = þarfnast aðgerða, **Rauð** = kritísk, þarf að láta yfirstjórn vita

Greining og niðurstöður

Meginmálaflokkur utanríkisráðuneytisins í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð er alþjóðleg þróunarsamvinna, en hún er ein af grunnstoðum íslenskrar utanríkisstefnu. Ísland styður alþjóðleg markmið um jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna sem fram koma í ýmsum alþjóðsamningum og yfirlýsingum, s.s. í Kvennasáttmálanum (CEDAW) og þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Reynslan sýnir jafnframt að verkefni sem byggjast á þátttöku kvenna og taka tillit til hagsmuna og sjónarmiða beggja kynja eru líklegri til að skila varanlegum árangri í þróunarsamvinnu. Í þingsályktun um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013–2016 sem samþykkt var á Alþingi 21. mars 2013 (áður áætlun fyrir tímabilið 2011–2014) er jafnrétti kynjanna þverlægt markmið og skal samþætting jafnréttissjónarmiða höfð að leiðarljósi við stefnumótun, áætlanagerð, verkefnaundirbúning, framkvæmd á vettvangi og innan alþjóðastofnana.

Verkefnið snýr að greiningu á framlögum Íslands til þróunarsamvinnu með tilliti til þess hvort verkefnunum er ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna og byggist á fjórum megináðferðum við greiningu framlaga. Um er ræða framhald og útvíkkun á tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð (2010), en skýrslu fyrir fyrsta áfanga verkefnisins var skilað í júní 2012 og fyrir annan áfanga í júní 2013.

Greining á tvíhliða þróunarsamvinnu og eyrnamerknum framlögum til þróunarsamvinnu

Stærsti hluti verkefnisins felst í greiningu á framlögum til tvíhliða þróunarsamvinnu, þ.m.t. eyrnamerknum framlögum til alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka, en þau nema að jafnaði 62% - 65% af öllum framlögum Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Á árinu 2013 námu þau tæpum 2,8 milljörðum króna, eða 64,5% af heildarframlögum. Við greininguna er notuð kynjajafnréttisstika² (*the Gender Equality Policy Marker*) þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD/DAC). Með kynjajafnréttisstikunni er þróunarstarf greint og flokkað eftir ætluðum áhrifum þess á jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Flokkarnir eru þrír:

- 2) verkefni sem hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að **meginmarkmiði** (*Principal Objective*).
- 1) verkefni sem ætlað er á **marktækan hátt** að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna (*Significant Objective*).
- 0) verkefni sem **ekki** hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna **að markmiði** (*Not targeted to the policy objective*).

Niðurstöður greiningarinnar árið 2013 leiddu í ljós að verkefni sem hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að meginmarkmiði eða er ætlað að stuðla að því á marktækan hátt (stika 1 og 2) námu 85,2% af tvíhliða þróunarsamvinnu, þar á meðal eyrnamerknum framlögum utanríkisráðuneytisins til alþjóðastofnana og félagasamtaka. Það er þó nokkur hækkun milli ára því árið 2012 nam hlutfallið 81,7% og árið 2011 80,6%³ (Tafla 1). Sé litið á niðurstöður greiningarinnar sundurliðaðar milli ÞSSÍ og utanríkisráðuneytisins má greina örlitla lækkun hjá ÞSSÍ (Tafla 3) sem einkum má rekja til aukinna framlaga til jarðhitaverkefnis sem miðar einkum að frumrannsóknum og jarðhitaleit í Austur Afríku. Hvað varðar framlög utanríkisráðuneytisins (Tafla 2) hækka þau

² Sjá viðauka II

³ Hlutfallstölur ársins 2011 hafa tekið lítillegum breytingum frá því þær birtust í Áfangaskýrslu I. Ástæðan liggur í nákvæmari greiningu gagna.

umtalsvert milli ára eða um 12%, úr 71,8% í 83,7%. Það má helst rekja til aukinnar áherslu ráðuneytisins á stuðning við sértæk jafnréttisverkefni sem og aukinnar áherslu á að í þeim verkefnum sem fá stuðning sé hugað að kynjasjónarmiðum. Það á bæði við um framlög sem og starf sérfræðinga á vettvangi, en í áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 er einmitt kveðið á um að starfslýsingar fyrir störf, sem Ísland mannar, innihaldi ákvæði um að unnið sé að framgangi ályktunarinnar.

Tafla 1. Greining á eyrnamerkum framlögum og tvíhliða þróunarsamvinnu 2011–2013 með kynjajafnréttisstíkkunni – utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ OG ÞSSÍ	2011	2012	2013
<i>Stíka 2</i> Verkefni sem hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að meginmarkmiði (<i>Principal Objective</i>)	13,6%	11,8%	11,6%
<i>Stíka 1</i> Verkefni sem ætlað er á marktækan hátt að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna (<i>Significant Objective</i>)	67,0%	69,9%	73,6%
<i>Stíka 0</i> Verkefni sem ekki hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að markmiði (<i>Not Targeted to the Policy Objective</i>)	19,4%	18,3%	14,8%
<i>Samtals</i>	100%	100%	100%

Tafla 2. Greining á eyrnamerkum framlögum á vegum utanríkisráðuneytisins 2009–2013

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	2009	2010	2011	2012	2013
<i>Stíka 2</i> Verkefni sem hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að meginmarkmiði (<i>Principal Objective</i>)	19,9%	23,4%	34,1%	25,2%	28,4%
<i>Stíka 1</i> Verkefni sem ætlað er á marktækan hátt að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna (<i>Significant Objective</i>)	54,0%	46,5%	42,7%	46,6%	55,3%
<i>Stíka 0</i> Verkefni sem ekki hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að markmiði (<i>Not Targeted to the Policy Objective</i>)	26,1%	30,1%	23,2%	28,2%	16,3%
<i>Samtals</i>	100%	100%	100%	100%	100%

Tafla 3. Greining á tvíhliða þróunarsamvinnu á vegum ÞSSÍ 2011–2013

ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN ÍSLANDS	2011	2012	2013
<i>Stíka 2</i> Verkefni sem hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að meginmarkmiði (<i>Principal Objective</i>)	-	1,3%	0,6%
<i>Stíka 1</i> Verkefni sem ætlað er á marktækan hátt að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna (<i>Significant Objective</i>)	77,2%	88,0%	85,4%
<i>Stíka 0</i> Verkefni sem ekki hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að markmiði (<i>Not Targeted to the Policy Objective</i>)	22,8%	10,7%	14%
<i>Samtals</i>	100%	100%	100%

Sé litið á niðurstöður greiningarinnar með tilliti til málaflokka má sjá að í tíu málaflokkum af fjórtán hafa nær öll verkefni jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að markmiði í verkefnisskjölum (tafla 4). Eftir sitja fjórir málaflokkar, sem brýnt er og stöðugt er verið að skoða sérstaklega með tilliti til

jafnréttismála, þeirra á meðal orkumál og störf í þágu friðar. Þar er um að ræða áherslumálflokka á sviði þróunarsamvinnu Íslands og áherslusvið í jafnréttisstefnunni. Því er lögð rík áhersla á að liggja ekki málefnalegar ástæður að baki þurfi að bæta verklag við hönnun og framkvæmd verkefna á þessum sviðum.

Tafla 4. Niðurstöður greiningar árána 2011-2013 eftir málflokkum – utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ

MÁLAFLOKKUR	Hlutfall verkefna sem hefur jafnrétti að markmiði (stíka 1 og 2)		Hlutfall verkefna sem hefur jafnrétti að markmiði (stíka 1 og 2)		Hlutfall verkefna sem hefur jafnrétti að markmiði (stíka 1 og 2)	
	% málflokks af heild	% málflokks af heild	% málflokks af heild	% málflokks af heild	% málflokks af heild	% málflokks af heild
	2011		2012		2013	
110 – Menntun	99%	9	100%	10	100%	13
120 – Heilbrigðismál	100%	9	97%	11	100%	13
130 – Mannfjöldaáætlanir og frjósemisheilbrigði/-réttindi	100%	3	100%	1	100%	1
140 – Vatns- og hreinlætismál (fráveita)	36%	4	100%	5	100%	4
151 – Stjórnvísla og borgaralegt samfélag / mannréttindi og jafnrétti kynjanna	91%	10	88%	11	91,9%	11
152 – Friður og öryggi	48%	6	20%	5	32,1%	3
160 – Aðrir félagslegir innviðir	100%	14	100%	14	100%	12
230 – Orkumál	29%	8	28%	10	15,3%	9
313 – Fiskimál	94%	22	96%	18	99,3%	18
400/410 – Fjölgeiraverkefni og almenn umhverfisvernd	87%	1	96%	1	97,8%	3
700 – Neyðar- og mannúðaraðstoð	95%	9	93%	7	85,1%	7
930 – Móttaka flóttamanna í landi veitanda	100%	2	100%	1	100%	1
99820 – Kynningar- og upplýsingastarf í gjafaríki	2%	2	0%	2	6,5%	2
Annað – málflokkur ótilgreindur			45%	5	37,2%	2
Samtals / Meðaltalshlutfall	80,6%	100	81,7%	100	85,2%	100

Verkefni sem hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna ekki að markmiði

Ef litið er nánar á þau framlög til verkefna sem hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna ekki að markmiði virðist við fyrstu sýn að erfitt sé að hafa markmið og aðgerðir um kynjajafnrétti hluta af verkefnunum. Má þar nefna verkefni á sviði jarðhitaleitar sem snýr að því að finna svæði sem búa yfir nægjanlega miklum jarðhita til raforkuframleiðslu og framlög til kynningar- og upplýsingastarfs á Íslandi.

Í öðrum tilfellum er auðveldara að ímynda sér að hægt sé að samþætta kynjasjónarmið í verkefni og með þeim hætti stuðla að auknu jafnrétti eða valdeflingu kvenna. Má þar nefna stöður sem Ísland fjármagnar á sviði friðar- og öryggismála og snúa t.d. að starfsmannamálum og almennum skrifstofustörfum hjá alþjóðastofnunum.

Sem liður í að bregðast við því var sett inn ákvæði um mat á starfslýsingum með tilliti til jafnréttismála í nýja áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Með þeim hætti verði stuðlað að því að allar þær stöður sem fjármagnaðar eru af íslenskum stjórnvöldum stuðli með einhverjum hætti að jafnrétti kynjanna og

valdeflingu kvenna, auk þess sem samræður um jafnréttismál milli stjórnvalda og alþjóðastofnana aukist.

Sem liður í verklagi utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ, framkvæmd áætlunar Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu, jafnréttisstefnu í þróunarsamvinnu 2013-2016 og áætlun um framkvæmd ályktunar 1325 munu utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ halda áfram að greina verkefni með tilliti til þess hvort málefnalegar ástæður séu að baki þess að þau hafi jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna ekki að markmiði. Finnist ekki ástæður, verður haft samráð við samstarfsaðila og skoðað með hvaða hætti megi gera breytingar á verkefnum. Í öllu falli verður samstarfsaðilum gerð grein fyrir því að Ísland leggi ríka áherslu á að öll verkefni, sem fái stuðning íslenskra stjórnvalda, stuðli að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna, enda þverlægt áherslusvið í þróunarsamvinnuáætlun.

Alþjóðastofnanir

Almenn, óeyrnamerkt framlög til alþjóðastofnana námu samtals rúmum 670 m.kr, eða 15,6% af heildarframlögum til þróunarsamvinnu árið 2013, og runnu þau til 20 stofnana. Árið 2012 nam upphæðin um 570 m.kr. eða rúmum 17% af heildarframlögum sem runnu til sautján stofnana⁴. Ekki er hægt að rekja til hvaða verkefna slík framlög renna og takmarkast greining á þeim því við það hvort stofnunin í heild styðjist við samþættingu kynjasjónarmiða. Í tengslum við meginmálaflokk utanríkisráðuneytisins í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð eru jafnréttisáætlanir og/eða jafnréttisstefnur þessara stofnana skoðaðar og reynt er að leggja mat á það hvernig þeim er framfylgt í reynd. Stuðst er við erlendar úttektir, sem gerðar hafa verið á stofnunum, einkum þær sem framkvæmdar eru af MOPAN (Multilateral Organization Performance Assessment Network). Einnig var rýnt í úttektir sem breska þróunarsamvinnustofnunin (DFID) og ástralska þróunarsamvinnustofnunin (AusAID) létu gera. Í þessari lokaskýrslu er að finna greiningu á þeim 12 stofnunum sem framkvæmdar hafa verið úttektir á á tímabilinu 2011-2013. Þá er í lok kaflans einnig að finna umfjöllun um næstu skref og hvernig tekið skuli á mállefnum þeirra stofnana sem hafa komið illa út úr úttektum hvað viðvíkur jafnréttismálum.

MOPAN, sem hýst er af Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), er samstarfsvettvangur 17 gjafaríkja sem var komið á stofn til að leggja mat á árangur af starfi alþjóðastofnana. Undir hatti MOPAN eru gerðar árlegar úttektir á alþjóðastofnunum sem ætlað er að varpa ljósi á hversu vel að vígi þær standa og hvað má betur fara. Úttektirnar taka á fjórum þáttum sem allir eru árangursmiðaðir: stefnumótun, rekstri, samskiptum og þekkingu. Þá er lagt mat á hversu vel stofnanirnar ná yfirlýstum markmiðum sínum og markmiðum þróunarlanda um framfarir og hvernig þau stuðla að framvindu þúsaldarmarkmiðanna. Niðurstöður eru flokkaðar eftir kvarða á bilinu 1–6 sem jafngilda skilgreiningunum: *mjög slakar* (e. *very weak*), *slakar* (e. *weak*), *ófullnægjandi* (e. *inadequate*), *viðunandi* (e. *adequate*), *góðar* (e. *strong*) og *mjög góðar* (e. *very good*). Greining á samþættingu kynjasjónarmiða og áherslu á jafnréttismál innan stofnana er einn þáttur úttektarinnar.

Þá var farið yfir niðurstöður úttekta bresku þróunarsamvinnustofnunarinnar, **DFID** (Department for International Development), sem framkvæmdar voru árin 2011 og 2013, en þeim er ætlað að meta þær alþjóðastofnanir sem bresk stjórnvöld veita framlög til með tilliti til gagnsemi fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu Breta. Þótt úttektin sé miðuð út frá þróunarstarfi Breta nær hún þó til ýmissa

⁴ Þess ber að geta að meðal alþjóðastofnana, sem Ísland veitir framlög til, er Stofnun SP um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women). Framlög til UN Women eru ekki skoðuð m.t.t. jafnréttismála, enda snýr starf stofnunarinnar **eingöngu** að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna.

almennra atriða eins og árangurs og skilvirkni, auk þess sem þverlæg málefni, eins og jafnréttismál, eru skoðuð sérstaklega, en athugað var í úttektinni hvort starfsemi stofnunar stuðli að jafnrétti kynjanna. Niðurstöðurnar eru flokkaðar eftir kvarðanum 1–4 þar sem gildi undir 2 telst ófullnægjandi (e. *unsatisfactory*), 2–2.49 telst slakt (e. *weak*), 2.5–2.99 telst viðunandi (e. *satisfactory*) og 3–4 telst gott (e. *strong*). Helstu niðurstöður úttektarinnar eru þær að margar stofnananna eiga langt í land með tilliti til jafnréttismála og þó stefnumótunarskjöl séu til staðar skortir talsvert á fullnægjandi árangur á vettvangi.

Að lokum var úttekt áströlsku þróunarstofnunarinnar, **AusAID** (Australian Aid) frá árinu 2012 skoðuð. Úttektin er þó frábrugðin hinum að því leyti að hún skoðar jafnréttismálin ekki alltaf sérstaklega heldur undir hatti þverlægra málefna. Í þeim tilvikum þar sem fjallað er sérstaklega um árangur á sviði jafnréttismála er greint frá niðurstöðunum hér að neðan.

Hér á eftir er fjallað um niðurstöður úttekta á þeim átta alþjóðastofnunum sem MOPAN hefur gert nýlega. Í töflu 5 er yfirlit yfir niðurstöðurnar, en ítarlegri umfjöllun um hverja og eina stofnun og niðurstöður úttektanna fylgja í kjölfarið.

Tafla 5. Niðurstöður greiningar á úttektum á alþjóðastofnunum m.t.t. frammistöðu þeirra á sviði jafnréttismála

ALÞJÓÐASTOFNUN	MOPAN 2011-2013	AusAID 2012	DFID 2011	DFID 2013
Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP - FAO	Viðunandi	Jákvæð	Góð	Ekki metið
Alþjóðabankinn og Alþjóðaframfarastofnunin	Viðunandi	Hlutlaus	Slök	Miðar áfram
Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar - IFAD	Viðunandi	Jákvæð	Góð	Miðar áfram
Þróunaráætlun SP – UNDP	Góð	Jákvæð	Góð	Ekki metið
Mannfjöldasjóður SP - UNFPA	Góð	Jákvæð	Góð	Ekki metið
Flóttamannastofnun SP - UNHCR	Góð	Jákvæð	Góð	Ekki metið
Barnahjálp SP – UNICEF	Góð	Jákvæð	Góð	Ekki metið
Alþjóðaheilbrigðisstofnunin - WHO	Viðunandi	Neikvæð	Slök	Ekki metið
UNESCO	Ekki metið	Jákvæð	Góð	Ekki metið
ILO	Ekki metið	Jákvæð	Góð	Ekki metið
UNRWA	Viðunandi	Jákvæð	Ekki metið	Ekki metið
ICRC	Ekki metið	Jákvæð	Góð	Ekki metið

Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP (FAO)

Hlutverk Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP (FAO) er að bæta fæðuöryggi og velferð fólks í aðildarlöndum sínum með því að stuðla að aukinni framleiðni í landbúnaði og framleiðslu og skilvirkari dreifingu matvæla. Í stefnumörkun stofnunarinnar fyrir árin 2010–2019 kemur fram að jafnrétti kynjanna og aukið aðgengi kvenna að auðlindum sé forsenda fyrir velferð og fæðuöryggi. Þar er jafnrétti kynjanna skilgreint sem eitt af meginmarkmiðum stofnunarinnar á þessu tímabili. Einnig ákvað stofnunin framkvæmdaáætlun sér til handa með tilliti til kynjajafnréttis og þróunar fyrir árin 2008–2013.

Í úttekt á jafnréttisstarfi FAO, sem stofnunin lét gera árið 2011, kemur fram að þrátt fyrir að framfarir hafi orðið á undanförunum árum sé jafnréttisstarf stofnunarinnar ekki viðunandi. FAO standi langt að baki öðrum sambærilegum stofnunum hvað þetta varðar og verji ekki nægilegu fé til jafnréttismála.

Þá kemur fram að enn séu ekki til staðar stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði jafnréttismála, sem innihalda skýr og mælanleg markmið, eftirfylgni sé ekki kerfisbundin og að stjórnendur stuðli ekki að aukinni samþættingu kynjajafnréttis í verkefni stofnunarinnar.

Í skýrslu MOPAN frá árinu 2012 fær FAO einkunnina 4,10 af 6 fyrir jafnrétti kynjanna sem telst viðunandi (e. *adequate*). Samkvæmt niðurstöðum MOPAN hefur FAO unnið að umbótum frá árinu 2007, þar á meðal að samþættingu jafnréttismála og útgáfu á aðgerðaáætlun á sviði jafnréttismála, auk þess sem sett hafa verið fram sérstök markmið um árangur á þessu sviði. Enn sé þó þörf á að brúa bilið á milli markmiða og framkvæmda. Áætlanir séu aðeins fyrsta skrefið og þeim verði að fylgja eftir með umbótum á starfsháttum stofnunarinnar á öllum stigum.

Í skýrslu DFID hlýtur FAO einkunnina 3 af 4 fyrir jafnréttismál (e. *strong*), enda leggi stofnunin mikla áherslu á kynjajafnrétti í stefnumótun. Þar er þó einnig tekið fram að áhrif FAO á vettvangi séu almennt of lítil og ómarkviss. Í því tilliti er bent á að forgangsröðun og þung stjórnsýsla standi framkvæmd verkefna hugsanlega fyrir þrifum. Ekki er fjallað um jafnréttismál hjá stofnuninni í 2013 skýrslu DFID.

Í AusAID skýrslunni kemur fram að FAO sé að vinna að því að bæta árangur sinn á sviði jafnréttismála og bregðast þannig við niðurstöðum eigin úttektar á jafnréttismálum, m.a. með því að jafna fjölda kvenna og karla í starfslíði stofnunarinnar, fjölga verkefnum sem tengjast kynjajafnrétti og auka fjárveitingu til þessara mála.

Alþjóðabankinn og Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)

Hlutverk Alþjóðabankans er að stuðla að efnahagslegri og félagslegri uppbyggingu í þróunarlöndum. Bankinn starfar með stjórnvöldum hlutaðeigandi ríkja og veitir þeim aðstoð í formi lána, styrkja og ráðgjafar. Alþjóðabankinn samanstendur af fimm stofnunum, þeirra á meðal er Alþjóðaframfarastofnunin (IDA) sem veitir styrki og lán með hagkvæmum kjörum til fátækustu ríkja heims. Alþjóðabankinn notast við samþættingu kynjasjónarmiða í starfsemi sinni og hefur á síðustu árum samþykkt fjölda stefnumótandi skjala þar að lútandi. Þeirra á meðal er þriggja ára áætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í starfsemi bankans sem inniheldur tímasett markmið og viðmið sem skipt er niður eftir sviðum bankans og svæðum í heiminum.

Í einni helstu skýrslu bankans um álitamál á sviði þróunarmála (e. *World Development Report*) árið 2012 var fjallaði um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna sem forsendu framþróunar og aukinnar hagsældar. Nokkru síðar gaf bankinn út aðra skýrslu um áhrif hennar á starf bankans á sviði jafnréttismála (e. *Implications of World Development Report 2012: Gender Equality and Development for the World Bank Group*). Í 16. endurfjármögnun Alþjóðaframfarastofnunarinnar er lögð áhersla á samþættingu kynjasjónarmiða, ásamt því sem jafnréttismál eru eitt af fjórum þemum tímabilsins.

Í skýrslu MOPAN frá árinu 2012 hlaut Alþjóðabankinn einkunnina 4,06 af 6 fyrir jafnréttismál sem telst viðunandi (e. *adequate*). Þar kemur fram að bankinn hafi brugðist við ábendingum um það sem betur mætti fara varðandi samþættingu kynjasjónarmiða og breytt starfsháttum sínum. Einnig segir skýrslan að allar landsáætlanir bankans (e. *country assistance strategies*) taki nú tillit til kynjasjónarmiða. Niðurstöður úttektarinnar leiddu í ljós að jafnréttismál eru hluti af markmiðum bankans og hafa á kerfisbundinn hátt verið innleidd í allt starf. Auk þess vinni Alþjóðabankinn nú að því að bæta ferla tengdum ábyrgð (e. *accountability*) á þessu sviði.

Í DFID-skýrslunni hlýtur stofnunin einkunnina 2 af 4 sem telst slakt (e. *weak*). Þar kemur fram að veikleikar séu í jafnréttismálum í starfsemi stofnunarinnar í lánþegaríkjum þar sem eftirfylgni með jafnréttisstefnu er oft á tíðum lítil og samþætting jafnréttismála í verkefni stofnunarinnar veikburða. Í DFID-skýrslunni frá 2013 kemur fram að IDA hafi miðað nokkuð áfram í jafnréttismálum, þó vanti nokkuð uppá að jafnréttismál séu að fullu samþætt í starf stofnunarinnar. Meðal annars kemur fram að árið 2011 töldust 70% verkefna taka fullt tillit til jafnréttismála, en árið 2012 var þessi tala komin í 86%. AusAID-skýrslan segir stefnu bankans í jafnréttismálum skýra, þó nokkuð vanti upp á framkvæmd hennar.

Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD)

Hlutverk IFAD er að vinna að útrýmingu fátæktar og bæta næringu og lífsskilyrði með þróun landbúnaðar. Um 70% smábænda eru konur og því hefur starf IFAD mikil áhrif á efnahagslegt sjálfstæði kvenna. Árið 2012 samþykkti stofnunin áætlun um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna sem ætlað er að styrkja og samhæfa starf stofnunarinnar á þessu sviði.

Í MOPAN-úttekt á IFAD frá árinu 2011 hlaut stofnunin einkunnina 4,04 af 6 fyrir kynjajafnrétti en í sambærilegri úttekt árið 2013 hlaut hún 4,4 af 6. Báðar einkunnir teljast viðunandi (e. *adequate*). Fram kemur að stofnunin hafi bætt sig mikið hvað varðar stefnur og áætlanir í jafnréttismálum, en meginverkefnið sé að tryggja að stefnurnar skili raunverulegum árangri í starfi stofnunarinnar. Áætlun stofnunarinnar í jafnréttismálum frá 2012 greini skýrt frá hlutverkum og ábyrgð á málaflokknum og geri ráð fyrir nauðsynlegu fjármagni og mannafla.

Í DFID-skýrslunni frá 2011 hlaut IFAD einkunnina 3 af 4 fyrir jafnréttismál sem telst gott (e. *strong*). Skýrslan segir árangur IFAD á sviði jafnréttismála góðan og að rannsóknir bendi til þess að jákvæð áhrif hafi nú þegar orðið vegna starfa stofnunarinnar á vettvangi. Í skýrslunni frá 2013 kemur fram að stofnunin sýni aukna áherslu á jafnréttismál. AusAID-skýrslan segir samþættingu kynjasjónarmiða vel á veg komna hjá stofnuninni þó nokkur munur sé á milli einstakra verkefna og landa.

Þróunaráætlun SP (UNDP)

UNDP er stærsta stofnun SP á sviði þróunaraðstoðar. Meginhlutverk stofnunarinnar er að styrkja opinbera stjórnáætlun í þróunarlöndum. Hún lætur einnig að sér kveða í baráttunni gegn alnæmi og í jafnréttis-, orku- og umhverfismálum og tekur þátt í fyrirbyggjandi aðgerðum gegn vopnuðum átökum þar sem það á við. UNDP starfar samkvæmt aðgerðaáætlun um kynjajafnrétti fyrir árin 2008–2013 sem tilgreinir hlutverk og ábyrgð á samþættingu kynjasjónarmiða á öllum stigum stofnunarinnar. Úttekt á árangri áætlunarinnar leiddi í ljós að þessi skýra ábyrgðarskipting hefur skilað góðum árangri.

Í skýrslu MOPAN frá árinu 2012 hlaut UNDP einkunnina 4,62 af 6 fyrir kynjajafnrétti sem telst gott (e. *strong*). Þar segir að í kjölfar neikvæðrar niðurstöðu úttektar árið 2005 hafi stofnunin breytt starfsháttum sínum og innra skipulagi á þessu sviði með góðum árangri. Einnig kemur fram að árið 2008 innleiddi UNDP kynjasjónarmið í árangursskýrslur landaskrifstofanna (e. *Results-Oriented Annual Reports, ROAR*) til þess að hægt væri að fylgjast með því hvort og hvernig verkefnin stuðli að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Árið 2009 gaf UNDP út kynjastiku sem gerir það að verkum að hægt er að fylgjast með framlögum til verkefna sem stuðla að jafnrétti kynjanna, en stíkan þótti til eftirbreytni og er nú notuð meðal annarra stofnana SP. Jafnframt var tekið fram í skýrslunni að þó að margt hafi áunnist í kynja- og jafnréttismálum innan UNDP þá sé enn sitthvað sem betur megi fara, t.d. að jafnréttismálin verði að forgangsmáli meðal stjórnenda stofnunarinnar.

Í DFID-skýrslunni frá 2011 hlýtur stofnunin einkunnina 3 af 4 fyrir áherslu á jafnréttismál sem telst gott (e. *strong*). Matið byggir á því að stjórnun stofnunarinnar sé sterk og hvatakerfi á sviði jafnréttismála mjög gott. Til þess að styrkja enn frekar stoðir jafnréttisstefnu stofnunarinnar þurfi þó að auka færni starfsfólks og tryggja eftirfylgni með markmiðum málaflöksins. Ekki er fjallað um jafnréttismál UNDP í 2013 DFID-skýrslunni. Í AusAID skýrslunni kemur fram að kynjajafnréttisáætlun UNDP sé góð og vel útfærð auk þess sem UNDP sé leiðandi í að stuðla að stefnumótun jafnréttismála innan annarra stofnana Sp.

Mannfjöldasjóður SP (UNFPA)

Meðal hlutverka sjóðsins er að styðja fátæk lönd í því að efla réttindi mæðra og barna til heilsuverndar, dreifing getnaðarvarna og kynlífs- og fjölskyldufræðsla. Jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna er stór hluti af starfi sjóðsins og kemur stofnunin vel út í samanburði við aðrar alþjóðastofnanir hvað þessi mál varðar. UNFPA er leiðandi hvað varðar kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi (e. *Sexual and Reproductive Health and Rights, SRHR*) og hefur lykिलhlutverki að gegna hvað viðvíkur fimmta þúsaldarmarkmiðinu sem snýr að því að draga úr mæðradauða. UNFPA gegnir einnig mikilvægu hlutverki við framgang þriðja þúsaldarmarkmiðsins um aukið jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna og sjötta þúsaldarmarkmiðsins sem snýr að HIV/alnæmi.

Í skýrslu MOPAN frá árinu 2010 hlaut stofnunin einkunnina 5,06 af 6 fyrir áherslur sínar á jafnréttismál sem telst gott (e. *strong*). Þar segir að UNFPA sé ein fárra stofnana sem hafi kynjajafnrétti bæði sem markmið í sjálfu sér og sem þverlægt áherslumál í allri starfsemi sinni. Tekist hafi að samþætta kynjasjónarmið inn í kjarnastarfsemi stofnunarinnar sem skýri góðan árangur og jákvæðar niðurstöður úttektarinnar og fékk UNFPA til að mynda fullt hús stiga eða 6 fyrir stefnumótun á sviði jafnréttismála.

Stofnunin hlaut einnig jákvæðar umsagnir í úttektunum sem DFID og AusAID létu gera. Í úttekt DFID frá 2011 hlaut UNFPA einkunnina 3 af 4 sem telst gott (e. *strong*) og kemur fram að stofnunin hafi samþykkt fjölmargar stefnur á sviði jafnréttismála. Í AusAID-skýrslunni hlýtur stofnunin lof fyrir að stuðla að framgangi jafnréttismála.

Flóttamannastofnun SP (UNHCR)

UNHCR vinnur að málefnum flóttamanna um allan heim með sérstakri áherslu á mannréttindi flóttamanna og vernd þeirra. Síðan UNHCR var sett á stofn hafa yfir 50 milljónir flóttamanna notið stuðnings stofnunarinnar, en þess má geta að 80% flóttamanna eru konur og börn. UNHCR innleiddi rammaáætlun um jafnréttismál árið 2004 (e. *Age, Gender and Diversity (AGD) Approach*).

Í skýrslu MOPAN frá árinu 2011 hlaut UNHCR einkunnina 4,51 af 6 fyrir kynjajafnrétti sem telst gott (e. *strong*). Niðurstöður spurningakönnunar voru jákvæðari en greining á útgefnum stefnuskjölum og var það starfsfólk ríkisstofnana í þróunarlöndum sem reyndist hvað jákvæðast gagnvart jafnréttisáherslum stofnunarinnar. Fram kemur að AGD-áætlunin tryggi að starfsfólk yfirfari verkefni sín með tilliti til jafnréttismála og gefi út árlegar skýrslur um árangur á því sviði. Þá segir að óháð úttekt, sem gerð var á áætluninni árið 2010, sýni að stefnan sé víðtæk, nýstárleg og mikilvæg fyrir starf UNHCR, en að skortur á stuðningi frá stjórnendum, fjármagni og þekkingu starfsfólks torveldi framkvæmd hennar. Í skýrslunni kom enn fremur fram að þótt miklar framfarir hafi orðið hvað varðar stefnumótun og verkefnavinnu þá megi enn bæta samþættingu jafnréttissjónarmiða á öllum sviðum stofnunarinnar.

Skýrslur DFID og AusAID eru einnig jákvæðar í garð jafnréttisstarfs UNHCR og í þeirri fyrrnefndu hlaut

stofnunin einkunnina 3 af 4 fyrir jafnréttismál. Þar er tekið fram að UNHCR sé með skýrar stefnur og ferla sem styðja við jafnrétti kynjanna og að jafnréttismál séu samþætтуð inn í allt starf á landaskrifstofunum. Í áströlsku skýrslunni er tekið fram að vel hafi tekist til við að innleiða rammaáætlun stofnunarinnar um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða.

Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF)

Hlutverk UNICEF er að bæta hag barna, ungs fólks og kvenna í þróunarlöndum. Stofnunin sinnir einnig mikilvægu starfi við neyðar- og mannúðaraðstoð. Eitt af markmiðum UNICEF er að jafna stöðu kvenna, karla, stúlkna og drengja með því að tryggja að öll börn hafi jafnan aðgang að menntun og heilbrigðisþjónustu og jöfn tækifæri til að taka þátt í samfélaginu og nýta hæfileika sína. UNICEF fylgir jafnréttisstefnu frá árinu 2010 (e. *Policy on Gender Equality and the Empowerment of Girls and Women*) þar sem lögð er áhersla á samþættingu kynjasjónarmiða auk eftirlits og ábyrgðar.

Í MOPAN-skýrslu um UNICEF frá árinu 2012 hlaut stofnunin einkunnina 4,73 af 6 sem telst gott (e. *strong*). Þar kemur fram að UNICEF hafi unnið ötullega að jafnréttismálum frá árinu 2010, en þá hafði úttekt á jafnréttismálum stofnunarinnar leitt í ljós að jafnréttisstefnu frá 1994 væri ekki framfylgt á kerfisbundinn hátt. Á meðal þátta sem UNICEF hefur lagt áherslu á að bæta eru samþætting jafnréttismála á öllum sviðum stofnunarinnar og ábyrgð á sviði jafnréttismála. Þá hefur verið innleitt kerfi sem tryggir eftirfylgni með jafnréttisþætti verkefna og aðgerðaáætlun sem ætlað er að skilgreina sértækar aðgerðir sem tryggja aukna áherslu á jafnréttismál. Í skýrslunni er þó varað við því að jafnvel þótt miklar framfarir hafi orðið, einkum á sviði kerfisuppbyggingar (e. *systems-building*) og tæknilegrar aðstoðar, eigi enn eftir að koma í ljós hvort skýr stefnumörkun muni skila áþreifanlegum árangri.

Bæði DFID- og AusAid-skýrslurnar eru jákvæðar í garð jafnréttismála hjá UNICEF og í þeim er stofnunin sögð vera að bæta sig á þessu sviði. DFID-skýrslan gefur stofnuninni einkunnina 3 af 4 fyrir jafnréttismál sem telst gott (e. *strong*) og kemur þar fram að framfarir hafi orðið varðandi skólagöngu stúlkubarna og kynjaða gagnaúrvinnslu. Í áströlsku skýrslunni var tekið fram að UNICEF leggi ríka áherslu á jafnréttismál og að sérfræðiþekking á málaflokknum innan höfuðstöðva UNICEF sé að aukast.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO)

WHO gegnir leiðbeinandi hlutverki og samhæfir heilbrigðismál innan Sameinuðu þjóðanna. Stofnunin er ráðgefandi í málefnum er tengjast hnattrænum heilbrigðismálum. Aðgerðaáætlun WHO um samþættingu kynjasjónarmiða beinist að uppbyggingu á getu og færni innan stofnunarinnar til kynjagreiningar og -áætlanagerðar, kynjaskiptingar gagna og kynjasamþættingar í allri starfsemi stofnunarinnar. Í maí 2012 hleypti WHO af stokkunum nýrri áætlun til að samþætta kynjajafnrétti, jafnrétti og mannréttindi í starf stofnunarinnar með sérstaka áherslu á að styðja við störf skrifstofa sinna í samstarfslöndum.

Í MOPAN-skýrslu frá árinu 2010 hlaut stofnunin einkunnina 4,20 af 6 fyrir jafnréttismál sem telst viðunandi (e. *adequate*). Þar kom fram að þótt framfarir hafi orðið við innleiðingu aðgerðaáætlunarinnar mætti enn merkja skekkju á sviði jafnréttismála og tekið er sem dæmi að enn vantaði um 30% af fjármögnun í verkefni tengd kynjajafnrétti, konum og heilsu. Því væri eftirfylgni áforma enn ábótavant. Jafnframt kom fram að úttekt á jafnréttisáætlun stofnunarinnar væri fyrirhuguð. Úttektin, sem var birt árið 2011, leiddi í ljós að þó að WHO hafi innleitt víðtæka áætlun um samþættingu kynjasjónarmiða væru áhrif hennar á dagleg störf stofnunarinnar enn takmörkuð. Í MOPAN-skýrslu, sem gefin var út árið 2013, fær stofnunin svipaða einkunn eða 4,18 af 6 sem einnig

telst viðunandi. Þar kemur meðal annars fram að hlutverk og ábyrgð starfsmanna varðandi kynjasambættingu séu skýr.

Skýrslur DFID og AusAID eru frekar neikvæðar í garð jafnréttisstarfs WHO. Í DFID-skýrslunni frá 2011 fær stofnunin einkunnina 2 af 4 fyrir jafnréttismál sem telst slakt (e. *weak*). Fram kemur að þótt verið sé að vinna að endurbótum í þessum málaflokki séu framfarir of hægar. Ekki er fjallað um jafnréttismál WHO í 2013 skýrslu DFID. Skýrsla AusAID lýsir áhyggjum af framkvæmd jafnréttisstefnu WHO og segir stofnunina aðeins hafa brugðist að hluta til við ábendingum um að tryggja fullnægjandi fjármögnun til verkefna sinna á sviði mæðra- og ungbarnaverndar. Eru vonir bundnar við að endurbætur á aðgerðaáætlunum WHO muni leiða til aukinnar áherslu á kynjamál og jafnrétti. Rétt er að geta þess að báðar skýrslurnar voru unnar áður en stofnunin hleypti nýrri áætlun sinni um sambættingu kynjajafnréttis af stokkunum.

Mennta- og menningamálastofnun SP (UNESCO)

Hlutverk UNESCO er að vinna að uppbyggingu friðar, útrýmingu fátæktar, sjálfbærri þróun og alþjóðlegum tengslum í gegnum menntun, vísindi, menningu, samskipti og upplýsingatækni. Sambætting kynjasjónarmiða er höfð að leiðarljósi í starfsemi UNESCO. Í nýjustu aðgerðaáætlun stofnunarinnar í jafnréttismálum (UNESCO Priority Gender Action Plan 2014-2021) er hagnýt framkvæmdaáætlun til þess að sambætta jafnréttismál í allri vinnu stofnunarinnar.

Í DFID-skýrslunni frá 2011 hlýtur stofnunin einkunnina 3 af 4 fyrir áherslur sínar á jafnréttismál og fram kemur að stofnunin hafi margbættar áætlanir á þessu sviði. Stofnunin gæti þó gert meira til að stýra umræðunni um menntun stúlkna. Í áströlsku skýrslunni kemur fram að kynjajafnrétti sé forgangsmál hjá UNESCO og er sérstaklega minnst á mikilvægi ráðgjafar stofnunarinnar á sviði menntamála fyrir framgang kynjajafnréttis. Þá er fær stofnunin lof fyrir að kyngreina ávallt tölulegar upplýsingar.

Flóttamannastofnun SP fyrir Palestínumenn (UNRWA)

Palestínuflóttamannaaðstoðin (UNRWA) sinnir málefnum flóttamanna frá Palestínu og veitir tæplega fimm milljónum Palestínumanna í Miðausturlöndum menntun, heilbrigðisþjónustu og félagslega aðstoð. Stofnunin setti sér jafnréttisstefnu árið 2007 (UNRWA Gender Equality Policy). Í MOPAN-skýrslu frá 2011 fær stofnunin 3,9 af 6 fyrir kynjajafnréttismál sem telst viðunandi, en er þó lægsta einkunn MOPAN til þeirra stofnanna sem Ísland veitir framlög til. Í umsögninni kemur fram að stofnunin leggi áherslu á kynjajafnrétti sem þverlægt málefni og að síðan 2005 hafi stofnunin haft þétt net tengiliða í jafnréttismálum í deildum stofnunarinnar og einstökum samstarfslöndum. Þar kemur jafnframt fram að jafnréttisstefna UNRWA kveði á um framkvæmd mats á kynjasambættingu innan stofnunarinnar og að slíkt mat hafi farið fram árið 2010. Annars staðar í skýrslunni kemur fram að kynjajafnrétti þyki viðkvæmt málefni og að stofnunin hafi aðeins nýlega hafið uppbyggilegar samræður um kynjajafnrétti og hlutverk stofnunarinnar í eflingu þess.

Ekki er fjallað um UNRWA í DFID-skýrslunum og í AusAID-skýrslunni segir aðeins að almennt standi stofnunin sig vel í þverlægum málefnum. Hún hafi tileinkað sér gagnlegar stefnur og áætlanir varðandi kynjajafnrétti og mannréttindi.

Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO)

Starf Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) miðar að því að auka möguleika karla og kvenna á að stunda mannsæmandi atvinnu við aðstæður sem bjóða upp á frelsi, jöfnuð, öryggi og virðingu. Meginmarkmið stofnunarinnar er að stuðla að auknum réttindum og tækifærum, ásamt því að efla félagslegt öryggi og umræðu í atvinnutengdum málum. Frá upphafi hefur ILO haft jafnrétti kynjanna að leiðarljósi í starfi sínu og markast starfið af því, m.a. í gegnum sambættingu kynjasjónarmiða í öll verkefni stofnunarinnar. Í jafnréttisstefnu stofnunarinnar frá 1999 (Policy on Gender Equality and Mainstreaming in the ILO) kemur fram að framkvæmd stefnunnar skuli vera í höndum allra starfsmanna þó ábyrgðin liggi hjá yfirstjórn, svæðisstjórum og einstökum verkefnastjórum. ILO setti sér jafnréttisáætlun til fimm ára árið 2010. Þá var ILO fyrst stofnanna SP til að taka upp jafnréttismálaendurskoðun (ILO Participatory Gender Audits).

Í DFID-skýrslunni frá 2011 hlýtur stofnunin einkunnina 3 af 4 og fram kemur fram að hún hafi náð góðum tókum á jafnréttismálum og að árangur fari vaxandi. Ekki er fjallað um jafnréttismál ILO í 2013 skýrslunni. AusAID-skýrslan greinir frá því að í höfuðstöðvum ILO starfi sterk jafnréttismáladeild, með um 20 sérfræðingum í málaflokknum, ásamt um 120 tengiliðum víðs vegar um heiminn. Þá séu skýr merki um mikla áherslu á jafnréttismál á skrifstofum stofnunarinnar í samstarfslöndum.

Alþjóða Rauði krossinn (ICRC)

Alþjóða Rauði krossinn (ICRC) er alþjóðleg frjáls félagasamtök sem vinna að neyðar- og mannúðaraðstoð fyrir fórnarlömb stríðs og vopnaðra átaka. ICRC vinnur samkvæmt ályktun SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi og leggur ríka áherslu á að mæta sérstökum þörfum kvenna á átakasvæðum. Sambætting kynjasjónarmiða er jafnframt hluti af allri starfsemi ICRC. ICRC hefur sett sér jafnréttisáætlun og aðgerðaáætlun í málefnum kvenna og stúlkna.

Starf stofnunarinnar á sviði jafnréttismála fær jákvæðar umsagnir í DFID-skýrslunni frá 2011 og í AusAID-skýrslunni. Í DFID skýrslunni hlaut stofnunin einkunnina 3 af 4 fyrir jafnréttismál með þeirri umsögn að stofnunin hefði skýra jafnréttisstefnu og vinni að eflingu jafnréttisstefna í

samstarfslöndum. AusAID-skýrslan segir stofnunina hafa sterkar og árangursríkar stefnur og starfsvenjur í þverlægum málaflokkum, sérstaklega er varðar jafnrétti kynjanna og málefni fatlaðra.

Alþjóðastofnanir – næstu skref

Það heyrir til undantekninga ef alþjóðastofnanir, sem starfa á sviði þróunarsamvinnu, starfa ekki samkvæmt jafnréttisstefnu og eða –áætlun. Eina stofnunin sem Ísland veitir almenn kjarnaframlög til og hefur ekki sett sér slíka áætlun er Norræni þróunarsjóðurinn (Nordic Development Fund), en hann er í eigu Norðurlandanna og veitir styrki til verkefna sem sporna við loftslagsbreytingum í þróunarríkjunum. Loftslagsbreytingar hafa ólík áhrif á karla og konur sökum ójafnræðis í félagslegu, efnahagslegu og stjórnmálalegu tilliti, auk þess sem konur og karlar stuðla ekki á sama hátt að loftslagsbreytingum. Samþætting kynjasjónarmiða í loftslagstengd verkefni er því afar brýn. NDF er fjármögnunaraðili verkefna sem framkvæmd eru af alþjóðlegum stofnunum eins og Alþjóðabankanum og SP, þar sem gerðar eru kröfur um samþættingu kynjasjónarmiða. Innan NDF er jafnframt sérstakur sjóður, Norræni loftslagssjóðurinn (e. Nordic Climate Facility), sem veitir styrki til nýsköpunarverkefna á sviði loftslagsmála. NDF hefur ekki sett sér formlega stefnu eða aðgerðaáætlun í jafnréttismálum. Samkvæmt starfsmönnum sjóðsins eru jafnréttissjónarmið þó ávallt höfð að leiðarljósi í verkefnum, enda fjármagni sjóðurinn verkefni á vegum alþjóðastofnana sem allar hafa sett sér stefnu um samþættingu kynjasjónarmiða. Þar sem sjóðurinn er ekki sjálfur framkvæmdaaðili hefur hann kosið að fylgja stefnumiðum þeirra stofnana sem framkvæma verkefnin. Sjóðurinn telur slíkt bæði stuðla að aukinni samhæfingu sem og minna álagi fyrir þá sem hag hafa af verkefnum. Þess ber þó að geta að hjá Norræna loftslagssjóðnum, sem heyrir undir NDF, er kveðið á um að gerð skuli grein fyrir áhrifum verkefnis á kynjajafnrétti í umsóknunum. Í samskiptum við sjóðinn hefur Ísland lagt ríka áherslu á að sjóðurinn setji fram stefnumið um jafnréttismál og samþættingu kynjasjónarmiða í verkefnum, sem sjóðurinn fjármagnar, þar sem fram komi að gerðar séu kröfur um slíkt meðal samstarfsaðila. Ísland mun halda áfram að tala fyrir þessu innan sjóðsins.

Hvað viðvíkur stofnunum, sem Ísland veitir framlög til, verður áfram fylgst með úttektum m.t.t. þess hvernig framkvæmd stefna og áætlana vindur fram. Þá verður sérstaklega fylgst með þeim stofnunum sem ekki hafa fengið góðar umsagnir í úttektum til þessa og áhersla lögð á að úr því verði bætt.

Úttektir ÞSSÍ – niðurstöður

Gerðar voru úttektir á fjórum verkefnum ÞSSÍ árið 2013 og árið á undan voru einnig gerðar þrjár úttektir. Utanaðkomandi aðilar, sem jafnan eru sérfræðingar á sviði þróunarsamvinnu, gera þessar úttektir. Í úttektum er rýnt í framgang verkefna miðað við sett markmið í verkefnisskjölum, þar á meðal markmið um jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Með þeim hætti er hægt að varpa ljósi á hvort ætluð áhrif verkefna skili sér til haghafa á vettvangi. Úttektirnar, sem gerðar voru á árinu 2013, voru allar lokaúttektir á verkefnum ÞSSÍ. Tvær úttektir voru gerðar á verkefnum í löndum sem Ísland starfar ekki lengur í, annarsvegar jarðhitaverkefni í Níkaragva og hinsvegar á stuðningi Íslands við sjávarútveg í Namibíu tímabilið 1990-2010. Þá var einnig gerð úttekt á stuðningi ÞSSÍ við vatns- og hreinlætismál í Mangochi-héraði í Malaví og á stuðningi Íslands við fræðslu um kynbundin áhrif loftslagsbreytinga í Úganda sem stóð yfir árin 2011-2012. Á árinu 2012 voru gerðar úttektir á stuðningi Íslands við sjávarútveg og fullorðinsfræðslu í Mósambík og fiskgæðaverkefni í Úganda.

Allar úttektir á verkefnum ÞSSÍ er hægt að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar, www.iceida.is.

Stuðningur Íslands við sjávarútveg í Namibíu 1990-2010 (2013)

Á árinu 2013 var gerð lokaúttekt á ýmsum stuðningi ÞSSÍ við sjávarútveg í Namibíu yfir tímabilið 1990-2010. Úttektin náði til margra verkefna sem höfðu að meginmarkmiði að byggja upp þekkingu heimamanna á sviði fiskimála. Ekkert þeirra hafði jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að markmiði, þannig að ekki var talið raunhæft að skoða þau mál sérstaklega í úttektinni (kynjajafnréttisstika 0). Í skýrslunni er þó á nokkrum stöðum vikið að atriðum er tengjast jafnréttismálum. Má þar nefna stuðning okkar við Sjómannaskólann í Namibíu, þar sem útskrifaðir voru 387 nemendur á tímabilinu 2007-2010, en aðeins 43 konur voru útskrifaðar eða 11% nemenda. Þá kemur fram að fjöldi sérfræðinga frá Íslandi hafi verið sendur til að kenna við skólann. Þeirra á meðal hafi aðeins farið tvær konur, sem endurspeglar kynbundið náms- og starfsval á Íslandi, enda mjög fáar konur á Íslandi sem höfðu reynslu af skipstjórastarfi á þessum tíma.

Það má segja að verkefni í Namibíu hafi verið börn síns tíma og afar ólíklegt að í dag væri ráðist í verkefni á sviði sjávarútvegs án þess að taka tillit til kynjasjónarmiða.

Jarðhitaverkefni í Níkaragva 2008-2012 (2013)

Tilgangur verkefnisins var að auka þekkingu heimamanna á jarðhita og gera þeim betur kleift að nýta jarðhita til raforkuframleiðslu. Samstarfsaðili ÞSSÍ var ráðuneyti orku- og námamála í Níkaragva og ýmsar rannsóknarstofnanir í landinu sem starfa á sviði jarðhita. Í verkefnaskjali er ekkert getið um áherslur í jafnréttismálum eða valdeflingu kvenna (kynjajafnréttisstika 0) og því engin viðmið til að skoða þann þátt sérstaklega í lokaúttektinni.

Um 100 einstaklingar í Níkaragva hlutu þjálfun í gegnum verkefnið, en ekki liggja fyrir kyngreindar upplýsingar um kynjaskiptingu þátttakenda, nema fyrir 11 manna hóp sérfræðinga sem hlaut sérstaka þjálfun. Í því tilfelli nefnir úttektarteymið að af 11 sérfræðingum, sem hlutu sérstaka þjálfun, voru 5 konur sem gefur tilefni til að ætla að ekki hafi hallað á annað kynið. Jafnframt er þess getið í skýrslunni að af 19 einstaklingum, sem talað var við í Níkaragva á meðan úttektinni stóð, voru 13 konur, þar af 12 sem voru í lykilhlutverkum innan stjórnsýslunnar í Níkaragva.

Verkefnið í Níkaragva er ekki frábrugðið öðrum verkefnum á sviði orkumála hvað varðar jafnréttismál. Oft á tíðum er málaflokkurinn ekki tengdur kynjajafnréttismálum og því ekki hugað að þeim við undirbúning og skipulag verkefna. Lögð verður áhersla á að úr þessu verði bætt í verkefnum sem stofnað verður til á næstu árum.

Vatns- og hreinlætisverkefni í Mangochi-héraði í Malaví 2007-2010 (2013)

Meginmarkmið verkefnisins var að draga úr sjúkdómum vegna óhreins drykkjarvatns og auka þannig lífsgæði íbúa á svæðinu. Í verkefninu var sérstök áhersla á valdeflingu kvenna (kynjajafnréttisstika 1) og var kvennamálaráðuneytið í Malaví einn samstarfsaðili ÞSSÍ í verkefninu.

Í niðurstöðum úttektarinnar kom fram að verkefnið hefur skilað umtalsverðum árangri. Áður en verkefnið hófst höfðu 23% íbúa aðgang að drykkjarhæfu vatni og á árunum 2000-2001 voru skráð 33.000 kólerutilfelli með um 100 dauðsföllum. Eftir að verkefninu lauk hafði 85% íbúa aðgang að drykkjarhæfu vatni og frá árinu 2008 hefur ekkert tilfelli kóleru komið upp.

Þar sem konur og stúlkur bera höfuðábyrgð á vatnsöflun í Malaví og því að sinna sjúkum, bæði heimavið og á spítölum, hafði verkefnið umtalsverð áhrif á líf þeirra. Með því að bæta aðgengi að vatni (draga úr þeirri vegalengd sem þarf að ganga að næsta vatnsbóli) og draga úr vatnstengdum sjúkdómum á borð við kóleru hefur slíkri byrði verið létt af mörgum konum og stúlkum í héraðinu. Þær hafa meiri tíma til að hvílast, sækja skóla og stunda nám, vinna önnur heimilisstörf og taka þátt í tekjuskapandi starfsemi sem leiðir til bættra lífsskilyrða fyrir þær og fjölskyldur þeirra. Á því svæði sem stuðningurinn náði til eru um 440 vatnsból, ýmist brunnar eða borholur, og fara svokallaðar vatnsnefndir með umsjón þeirra. Í verkefninu var, eins og áður sagði, lögð sérstök áhersla á valdeflingu kvenna, m.a. með því að auka hlut kvenna í vatnsnefndum (að konur myndi a.m.k. 60% allra nefnda) og veita þeim þannig tækifæri á að taka ákvarðanir um hluti sem skipta þær miklu máli. Í úttektarskýrslunni kemur fram að í 88% tilfella eru konur í meirihluta í nefndunum og þar kemur fram að augljóst sé að konur hafi ekki aðeins verið hvattar til þátttöku, heldur til að taka að sér forystuhlutverk í öllum hópum sem settir voru á laggirnar í tengslum við verkefnið.

Í úttektarskýrslunni er þess getið að í verkefninu hafi ÞSSÍ beint stuðningi sínum einkum að viðkvæmari hópum samfélagsins, s.s. konum og börnum, auk þeirra eldri, fötluðum og þeim fátækustu í samfélaginu. Þá kom jafnframt fram að verkefnið hafi stuðlað að eflingu kvennasamtaka í héraðinu.

Námskeið á sviði jafnréttis- og loftslagsmála í Úganda 2011-2013 (2013)

Tilgangur verkefnisins um kynbundin áhrif loftslagsbreytinga var að stuðla að því að tekið sé tillit til mismunandi þarfa kvenna og karla í mótvægisáðgerðum (e. mitigation) og aðlögun (e. adaptation) að áhrifum loftslagsbreytinga í Úganda. Noregur, Danmörk og Ísland veittu í sameiningu stuðning til verkefnisins sem ÞSSÍ annaðist í samvinnu við vatns- og umhverfismálaráðuneyti Úganda, deild innan ráðuneytisins um loftslagsbreytingar, kynja-, atvinnu- og félagsmálaráðuneyti Úganda, jafnréttis- og kynjafræðiskólann við Makerere Háskóla og Jafnréttisskóla HSP (þá Alþjóðlega jafnréttisskólann) á Íslandi. Verkefnið hefur því kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna að meginmarkmiðu (Kynjajafnréttisstika 2).

Hluti af verkefninu var námskeið sem hafði það meginmarkmið að auka skilning á orsökum loftslagsbreytinga og hæfni til að bregðast við kynbundnum áhrifum þeirra á þróun í Úganda. Einnig var markmið að auka hæfni á sveitarstjórnarstigi í landinu til að hanna og framkvæma kynnæmar áætlanir og verkefnastöðir á sviði loftslagsbreytinga með greinandi og gagnrýnni hugsun. Um var að ræða tilraunanámskeið, sem haldin voru í Mbale, þar sem þátttakendur voru 53 (15 konur og 38 karlar) frá átta héruðum í austurhluta landsins, Lira þar sem þátt tóku 26 einstaklingar (8 konur og 18 karlar) frá fimm héruðum í norðurhluta landsins og Masindi þar sem 50 einstaklingar (10 konur og 40 karlar) frá átta héruðum í miðhluta Úganda tóku þátt.

Úttektin, sem var gerð, náði einvörðungu til námskeiðsins, en ekki annarra þátta verkefnisins. Samkvæmt niðurstöðum úttektarinnar var námskeiðið „mjög árangursríkt“, bæði hvað varðar samsvörun við stefnu Úganda í málefnum loftslagsbreytinga og þarfir í sveitum landsins og markvirkni. Úttektin leiddi í ljós að þátttakendur hafa nýtt sér það sem kennt var á námskeiðinu, jafnt í starfi sem daglegu lífi. Undirbúningur námskeiðisins stóð yfir frá desember til apríl 2013, en að honum komu Jafnréttisskóli HSP á Íslandi, Makerere háskóli, vatns- og umhverfisráðuneytið og ráðuneyti jafnréttismála í Úganda með stuðningi ÞSSÍ, norska sendiráðsins í Kampala og umhverfis-

og auðlindarráðuneytis Íslands. Afurð verkefnisins er fullþróað námskeið og námsefni sem hægt er að nálgast á heimasíðu Jafnréttisskólans.

Þá mæla úttektaraðilar með því að úgönsk stjórnvöld íhugi að námskeiðið verði kennt um land allt, en þó sérstaklega í þeim héruðum og á þeim svæðum sem eru hvað viðkvæmust fyrir áhrifum loftslagsbreytinga. Þá er mælt með því við veitendur þróunaraðstoðar að styðja við námskeiðshald sem þetta, ef úgönsk stjórnvöld leita eftir slíkum stuðningi. Að lokum er mælt með því að samstarfsaðilar leiti á frekari mið til að koma námskeiðinu á framfæri, bæði innan Úganda og í öðrum samstarfslöndum, enda hafi það verið einkar árangursríkt.

Fiskgæðaverkefni í Úganda - uppbygging löndunarstaða (2012)

Meginmarkmið verkefnisins er að draga úr fátækt meðal fiskimannasamfélaga í Úganda. Með auknum gæðum fiskafurða má bæta lífsgæði þeirra sem afla, neyta og selja fisk enda stuðla betri afurðir að aukinni verðmætasköpun og tækifærum til viðskipta, bæði á innlendum markaði sem og til útflutnings. Verkefnið felst í uppbyggingu á aðstöðu á löndunarstöðum, bættri aðstöðu eftirlitsaðila og þjálfun og þekkingaruppbyggingu. Verkefninu er ætlað að stuðla á marktækan hátt að jafnrétti kynjanna og/eða valdeflingu kvenna (kynjajafnréttisstika 1).

Í úttektinni voru jafnréttismál skoðuð út frá þremur meginatriðum. Í fyrsta lagi var litið til þátttöku kvenna í verkefninu og leiddu niðurstöður úttektarinnar í ljós að konur taka síður þátt en karlar í starfsemi nefnda um fiskveiðistjórnun í fiskimannasamfélögum (e. *Beach Management Units, BMUs*), þ.e. félagsskap þorpsbúa á löndunarstöðum eða í þorpum sem hafa lífsviðurværi sitt af fiskveiðum og vinnslu og eru þungamiðja verkefnis ÞSSÍ. Nefndirnar eru lögbundinn félagsskapur og hafa mikilvægu hlutverki að gegna, m.a. á sviði fiskveiðistjórnunar og umsjónar með gæðamálum. Af átta fiskieftirlitsaðilum sem hlutu þjálfun á landsvísu, var aðeins ein kona og af 36 fulltrúum á sveitarstjórnarstigi, sem hlutu þjálfun, voru aðeins þrjár konur. Hvað viðvíkur löndunarstöðunum sjálfum var í verkefninu lögð áhersla á að a.m.k. þriðjungur leiðbeinenda í nefndunum yrði konur, en raunin varð sú að konur voru í miklum minnihluta. Í öðru lagi var rýnt í aðgengi kvenna og nýtingu þeirra á aðstöðunni sem verið er að byggja upp. Úttektin leiddi í ljós að uppbygging á aðstöðu á löndunarstöðum tekur ekki sérstakt tillit til þarfa kvenna sem sinna einkum vinnslu fiskafurða eftir löndun, s.s. þurrkun, söltun og reykingu. Aðstaðan er hönnuð og byggð fyrir löndun á afla og afhendingu á ferskum fiski til kaupenda, en þar eru karlar í miklum meirihluta. Í þriðja lagi var litið til ólíkra hlutverka kynjanna, en niðurstöður úttektarinnar sýna að brottfall kvenleiðbeinenda á löndunarstöðum er mun hærra en karla. Flestar konurnar gáfu þá skýringu að þær skorti tíma til þátttöku.

Úttektarteymið bendir á ýmsar leiðir til að efla hlut kvenna í verkefninu og bendir jafnframt á mikilvægi þess að til séu góðar kyngreindar upplýsingar fyrir alla þætti verkefnisins. Meðal þess sem teymið bendir á er að boðið verði upp á þjálfun sérstaklega fyrir konur, hönnuð með þarfir kvenna að leiðarljósi. Þá þurfi að koma upp aðstöðu á löndunarstöðunum þar sem tekið er tillit til þarfa kvenna og hlutverka þeirra í framleiðsluferli fiskafurða. Á næstu stigum verkefnisins mun ÞSSÍ leggja áherslu á að vinna úr niðurstöðunum og þeim ábendingum sem þar koma fram.

Fullorðinsfræðsla í Jangamo-héraði í Mósambík (2012)

ÞSSÍ hefur um árabíl stutt við fullorðinsfræðslu í Jangamo-héraði í Inhambane-sýslu í Mósambík. Verkefnið felst í að aðstoða héraðsyfirvöld við að auka læsi og lífsleikni meðal íbúa svæðisins með

Það að markmiði að draga úr fátækt og styrkja dreifbýlið. Eitt af meginmarkmiðum verkefnisins er að bæta aðgengi að og gæði fullorðinsfræðslu í Jangamo-héraði, m.a með þjálfun starfsfólks og kennara, með áherslu á kynjajafnrétti og jöfnuð meðal haghafa. Ólæsi meðal kvenna í Mósambík er um 70% en meðal karla 50%. Mikill meirihluti nemenda í fullorðinsfræðslu í Mósambík eru konur. Verkefninu er ætlað að stuðla á marktækan hátt að jafnrétti kynjanna og/eða valdeflingu kvenna (kynjajafnréttisstika 1).

Í niðurstöðum úttektarinnar er bent á að þótt landfræðileg afmörkun verkefnisins sé skýr sé markhópurinn óljósari og ekki nægilega ljóst með hvaða hætti verkefnið eigi í raun að stuðla að jafnrétti kynjanna. Úttektarteymið bendir á að þörf sé á því að framkvæma kynjagreiningu (e. *gender analysis*) til að hægt sé að fá grunnviðmið (e. *baseline*) svo unnt sé að meta árangur með verkefninu. Þá er bent á mikilvægi þess að taka inn í fullorðinsfræðsluna hluti eins og fræðslu um HIV/AIDS, heimilisofbeldi, barnauppleði og heilsufarsmál þannig að hún höfði bæði til kvenna og karla (ekki eingöngu til kvenna). Þá bendir úttektarteymið á nauðsyn þess að greina vel ástæður þess hvers vegna þátttaka karla í fullorðinsfræðslunni er svo rýr og grípa til sérstakra aðgerða til að auka hlut þeirra. Í undirbúningi fyrir næsta áfanga verkefnisins mun ÞSSÍ leggja áherslu á að vinna úr niðurstöðum úttektarinnar og þeim ábendingum sem þar koma fram.

Á haustmánuðum 2012 var gerð athugun, á landsvísu, á brottfalli kvenna úr fullorðinsfræðslunni og takmörkuðum áhuga karlmanna á að taka þátt í henni. Menntamálaráðuneyti Mósambíkur gerði athugunina og var hún fjármögnuð gegnum verkefnið. Fyrstu niðurstöður benda til þess að brottfall úr fræðslunni sé einkum atvinnutengt, bóndakonurnar missa úr margar kennslustundir þegar uppskerutíminn stendur yfir og eiga erfitt með að snúa til baka í námið. Lítil aðsókn karlmanna er frekar menningartengd. Margir þeirra þykjast yfir það hafnir að setjast á skólabekk með konum. Bæði körlum og konum þykir núverandi skipulag fræðslunnar, sem eingöngu fer fram á venjulegum skólatíma grunnskólanna, óhentugt fyrir vinnandi fólk og að námsefnið mætti vera hagnýtara. Við gerð verkefnisskjals fyrir næsta áfanga verkefnisins verða niðurstöður athugunarinnar hafðar að leiðarljósi.

Stuðningur við sjávarútveg í Mósambík

Sjávarútvegur í Mósambík gegnir stóru hlutverki við að draga úr fátækt í landinu með því að auka fæðuöryggi, skapa tekjur hins opinbera, vera atvinnuskapandi og stuðla að kynjajafnrétti. Talið er að konur séu helmingur alls vinnuafls við fiskverkun, sölu og tínslu á skelfiski í fiskimannasamfélögum í dreifbýli.

Frá árinu 2011 hefur ÞSSÍ tekið þátt í víðtækri verkefnastoð (e. *Programme-Based Approach, PBA*) sem samfjármögnuð er með Noregi og snýr að stuðningi við sjávarútvegsráðuneytið í Mósambík. Hluti af þverlægum áherslum verkefnisins felst í eflingu almennrar stefnumörkunar hvað viðvíkur kynjajafnrétti, auk þess sem áætlanir stjórnvalda tilgreina konur í fiskimannasamfélögum sem forgangsmarkhóp. Niðurstöður úttektarinnar sýna að með verkefninu hefur einungis tekist að litlu leyti að stuðla að árangri á því sviði. Engar sértækar aðgerðir eru settar fram í verkefnaskjali, og hvernig þær eigi að skila árangri, né mælikvarðar um árangur.

Í úttektinni er þó bent á nokkra þætti sem geta stuðlað að framgangi jafnréttismála þótt þeir hafi ekki verið hluti af verkefnisskjalinu sjálfu. Þannig hefur sjávarútvegsráðuneytið ráðið sérstakan jafnréttisfulltrúa, auk þess sem ráðgjafateymi hefur verið virkjað til að gera almenna úttekt á

jafnréttismálum í sjávarútvegi í Mósambík til að undirbúa gerð jafnréttisáætlunar. Kostnaður við þjálfun jafnréttisfulltrúans og undirbúningur að gerð áætlunarinnar eru greidd gegnum verkefnið.

Bent er á mikilvægi þess að höfða meira til kvenna sem vinna við fiskverkun og þannig stuðla að betri nýtingu aflans, t.d. með stofnun sérstakra kvennanefnda og smálánafyrirkomulags til eflingar þátttöku kvenna. Á næstu stigum verkefnisins mun ÞSSÍ leggja áherslu á að vinna úr niðurstöðunum og þeim ábendingum sem þar koma fram.

Skólar HSP á Íslandi

Hluti af alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands felst í framlögum til skóla HSP á Íslandi, Jarðhitaskólans, Sjávarútvegsskólans og Landgræðsluskólans og frá og með maí 2013 Jafnréttisskólans. Framlög til elstu skólanna þriggja námu 547 milljónum árið 2013 eða 12,7% af heildarframlögum til þróunarsamvinnu. Að meðtöldum Jafnréttisskólanum námu framlögin tæpum 597 milljónum eða 13,8% af heildarframlögum. Eins og greint er frá í verkefnis lýsingunni hefur skólum Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi verið veitt eftirfylgni hvað varðar mótun jafnréttisstefnu, en niðurstöður upphaflegrar greiningar innan tilraunaverkefnisins (2010) leiddu í ljós að enginn skólanna þriggja hafði sett sér formlega stefnu eða áætlun á því sviði. Enn fremur hefur verið fylgst með því hvort og með hvaða hætti skólarnir samþætta jafnréttismál í námsefni skólanna, en árið 2010 hafði einungis Landgræðsluskólinn innleitt jafnréttismál í námsefni sitt. Þess ber þó að geta að allir skólarnir þrír hafa ávallt lagt ríka áherslu á sem jafnast kynjahlutfall meðal nemenda og er kveðið á um slíkt í stefnumótun allra skólanna þriggja.

Landgræðsluskóli HSP

Landgræðsluskólinn var settur á laggirnar 2007 og varð hluti af Háskóla Sameinuðu þjóðanna árið 2010. Frá upphafi hefur verið lögð áherslu á að hafa jafnt kynjahlutfall í nemendahópnum. Umfjöllun um jafnréttismál hefur einnig verið hluti námsefnisins frá byrjun, auk þess sem nemum skólans er ætlað að velta fyrir sér kynjamálum þegar þeir kynna fyrstu hugmyndir að einstaklingsverkefnum sínum⁵.

Á árinu 2011 samþykkti Landgræðsluskólinn nýtt stefnumótunarskjal fyrir tímabilið 2011-2016. Þar er víða kveðið á um jafnrétti kynjanna og er kynjajafnrétti meðal annars hluti af meginmarkmiði með starfsemi skólans: „*The mission of UNU-LRT is to train specialists from developing countries to combat land degradation and restore degraded land, and to assist strengthening institutional capacity and gender equality in the field of land restoration and sustainable land management in developing countries.*“ Í stefnumótuninni er jafnframt kveðið á um jafnt kynjahlutfall meðal nemenda og gerð jafnréttisstefnu, auk þess sem kveðið er á um að í námsefninu sé fjallað um jafnréttismál.

Jafnréttisstefna Landgræðsluskólans var samþykkt á stjórnarfundum í júní 2013, en hún var unnin fyrir skólann af utanaðkomandi sérfræðingi í samráði við starfsmenn skólans og tekið var mið af Jafnréttisstefnu Landbúnaðarháskóla Íslands. Jafnréttisstefnunni fylgir aðgerðaáætlun sem er nokkuð ítarleg og er markmið hennar að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í allri starfsemi skólans. Áhersla er lögð á að námsefni og námsumhverfi sé án kynbundinnar hlutdrægni. Í námsskrá skuli vera fyrirlestrar og námsefni þar sem kynjasjónarmið á málum landgræðslu eru kynnt og unnið skal samkvæmt árlegri framkvæmdaáætlun um jafnréttismál.

⁵ Ekki er þó skylt að gæta kynjasjónarmiða í lokaverkefnum nemenda enda geta mörg verkefni á sviði Landgræðsluskólans verið án nokkurs kynjavinkils, t.d. ef mældur er vöxtur plantna eða greindur mismunandi jarðvegur, o.s.frv.

Samkvæmt áætluninni skal bjóða jafn mörgum konum og körlum til hinnar árlegu sex mánaða þjálfunar. Þrátt fyrir þá reglu er raunin stundum sú að hlutfall kynjanna er ekki jafnt í nemendahópnum. Þá hefur hallað á konur því þær hafa þurft að hætta við þátttöku á síðustu stundu sem má teljast birtingarmynd almennra kynhlutverka, þ.e. að konur hafa að jafnaði ríkari skyldum að gegna gangvart börnum og ættingjum og vegna þessa þurft að hætta við þátttöku.

Frá stofnun Landgræðsluskólans árið 2007 hefur alls 51 nemandi útskrifast, 25 konur og 26 karlar. Á árunum 2011-2013 störfuðu að staðaldri tveir starfsmenn við Landgræðsluskólann ásamt einum sumarstarfsmanni. Fastir starfsmenn hafa ávallt verið konur. Frá 2012 hefur sumarstarfsmaður verið karl. Frá árinu 2013 hafa starfsmenn verið þrír ásamt sumarstarfsmanni.

Sjávarútvegsskóli HSP

Sjávarútvegsskólinn mótaði sér stefnu á sviði jafnréttismála sem hluta af heildarstefnu skólans til árana 2013-2017. Í því skjali eru jafnréttismál nefnd sem eitt af fjórum kjarnagildum sem unnið er samkvæmt. Þar segir: „*Issues of gender equality are addressed in all activities undertaken by the UNU-FTP.*“ Í stefnunni er fjallað víða um jafnréttismál, m.a. hvað varðar val á nemendum og kennurum og þróun námsefnis í samstarfi við Alþjóðlega jafnréttisskólann. Þá er í stefnumótuninni sérstaklega kveðið á um mikilvægi þess að flétta jafnréttismál inn í alla starfsemi skólans og slík nálgun talin ein af fjórum forsendum aukins árangurs. Unnið hefur verið með eftirfarandi hætti innan þeirra þriggja þátta sem starfsemi skólans nær til.

Sjávarútvegsskólinn hefur reynt að bæta jafnvægi í kynskiptingu nemenda og hafa hana eins jafna og kostur er á. Það hefur hins vegar reynt erfitt. Síðastliðin þrjú ár hafa útskrifast 24 konur af 63 eða rétt tæp 40%. Hlutfallið er nokkuð misjafnt eftir sérhæfingu, en skólanum hefur t.d. ekki enn tekist að finna konu sem fullnægir kröfum um námsvist meðal þeirra sem sérhæfa sig í veiðitækni. Að sögn forsvarsmanna skólans hafa þau reyndar aldrei hitt konu sem hefur sýnt því sviði sérstakan áhuga. Þá þarf einnig að taka tillit til þess að konur hætta oftari við námsvist en karlar. Skólinn býður herra hlutfalli kvenna í nám heldur en á endanum kemur og það er greinilegt að það er flóknara mál fyrir konur að koma til Íslands í sex mánuði en karla. Þá er misjafnt milli landa og svæða hve auðvelt er að finna konur til að bjóða til námsvistar í skólanum. Almennt má segja að hlutfall kvenna í stöðum sem krefjast háskólanáms er að aukast í samstarfslöndum okkar enda oft þannig að konur eru meirihluti þeirra sem stunda háskólanám, rétt eins og á Íslandi. Sjávarútvegsskólinn skrifar undir samstarfssamninga (MoUs) við marga samstarfsaðila sína þar sem meðal annars er kveðið á um jafna skiptingu kynjanna, en með slíkum samningum er verið að reyna að færa meiri ábyrgð á samstarfinu yfir á samstarfsaðilana og þá að tekið sé tillit til kynjasjónarmiða.

Sjávarútvegsskólinn vinnur nú að því að bjóða nemendum til námsvistar við skólann árið 2015 og í augnablikinu hafa fjórtán staðfest þátttöku, sjö konur og sjö karlar. Enn á eftir að senda út nokkur boð, auk þess sem svör hafa ekki borist frá öllum og því óvíst hver kynjahlutföllin verða þegar upp er staðið. Frá stofnun Sjávarútvegsskólans árið 1998 hafa alls 286 nemandar útskrifast, 104 konur (36%) og 182 karlar (64%). Við skólann starfa fjórir starfsmenn í fullu starfi við rekstur hans, tvær konur og tveir karlar.

Á undanförunum árum hefur skólinn fengið Jafnréttisskólann til þess að vera með eins dags kennslu í inngangsnáminu. Það er gert til að gera nemana meðvitaðri um jafnréttismál og ólíka stöðu kynjanna í sjávarútvegi og eins til að nemarnir séu betur í stakk búnir til að taka tillit til kynjasjónarmiða í lokaverkefnum sínum. Mörg verkefnum eru þó þess eðlis að kynjasjónarmið koma þar hvergi við sögu, eins og t.d. við stofnmat eða kjörhæfni veiðarfæra, en þeim verkefnum fjölgar þó þar sem

fjallað er um viðfangsefnið með tilliti til jafnréttismála, þótt það sé enn í minnihluta verkefna. Sjávarútvegsskólinn fékk einnig til sín gestafyrirlesara sem bauð upp á málstofu um jafnréttismál í sjávarútvegi. Fundinn var góður og reynslumikinn fyrirlesari sem hélt röð fyrirlestra sem tóku á félagslegri umgjörð sjávarútvegs, m.a. jafnrétti kynjanna. Fyrirlesarinn hélt einnig sérstakan fyrirlestur og í framhaldinu vinnustofu um málefnið þar sem samstarfsaðilum Sjávarútvegsskólans á Íslandi var boðið til þátttöku sem og leiðbeinendum og fyrirlesurum skólans. Því miður varð þátttakan dræmari en vonir stóðu til. Um það bil þriðjungur af kostnaði skólans fer til námskeiðahalds í samstarfslöndum (e. short-courses). Hér hefur verið lögð sérstök áherslu á meðferð og verkun afla. Fiskur er mikilvægasta dýrapróteinið í fæðu flestra fátækra þjóða og mikilvægur fyrir fæðuöryggi og næringu. Oft er þó illa farið með fiskinn. Hann skemmist auðveldlega og í stað þess að vera heilsufæða getur hann jafnvel verið hættulegur heilsu manna. Þar eð konur sjá einkum um verkun og sölu fisks í mörgum fátækum löndum skipta þessi námskeið miklu máli hvað viðvíkur hlutverki kvenna í virðisreðjunni. Fyrir um 10 árum hóf Sjávarútvegsskólinn að veita styrki til meistara- og doktorsnáms á Íslandi, m.a. vegna tilmæla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Af 20 manns sem hafa hlotið styrk eru sjö konur. Sjávarútvegsskólinn hefur sérstaklega hvatt konur til að sækja um styrkina.

Jarðhitaskóli HSP

Jarðhitaskólinn gerir nú sitt ítrasta til að stuðla að aukinni þátttöku kvenna í allri starfsemi sinni. Skólinn mun enn fremur setja sér markmið um það á þessu ári (2014). Vinna við gerð nýs stefnumótunarskjals fyrir Jarðhitaskólann stendur yfir og að sögn forráðamanna hans munu jafnréttismál verða hluti af þeirri stefnu. Að sögn starfa mun fleiri karlar en konur við jarðhitatengd málefni og endurspeglast það í framboði bæði á starfsfólki og nemendum. Í flestum löndum heims, og þá sérstaklega þróunarlöndunum, hallar frekar á fjölda kvenna í orkugeiranum, bæði í námi og starfi. Stjórnendur Jarðhitaskólans verða að sjálfsgöðu varir við þetta í starfsemi sinni, bæði hér innanlands og erlendis. Þetta hefur þó breyst nokkuð til batnaðar á síðustu áratugum og þá sérstaklega á vesturlöndum. en þróunin hefur verið hægar í þróunarlöndunum. Þegar kemur að vali nema í sex mánaða þjálfun á Íslandi gerir Jarðhitaskólinn þá kröfu að samstarfsstofnanir skólans tilnefni konur til náms sé þess kostur. Frá því að starfsemi Jarðhitaskólans hófst hafa konur verið 109 (af 554) eða 20% nemenda. Þetta hlutfall hefur farið hækkandi síðustu árin og hefur hlutur kvenna verið um 25% undanfarin ár. Skólinn hefur nú sett sér það skammtíamarkmið að a.m.k. þriðjungur nemenda séu konur og verður því markmiði náð í fyrsta sinn í ár með 10 konur í 30 manna hópi. Þess má geta, þegar kemur að námskeiðahaldi skólans í þróunarlöndum, að á svokölluðum þúsaldarnámskeiðum, sem skólinn heldur, er sérstaklega auglýst að konur njóti forgangs við val á nemendum. Þetta hefur gefið góða raun þó enn vanti nokkuð upp á að niðurstaðan sé nægilega góð. Hvað varðar styrki til meistara- og doktorsnáms reynir skólinn að stuðla að því, eins og best má verða, að konur sækji um. Fyrsti doktorinn (og sá eini til þessa) var kona frá Kenýa, en við doktorsnám eru á árinu 2014 tveir Kenýabúar, annar þeirra kona. Hlutfallið er ekki eins gott í meistaranáminu, en af 3 nemendum sem útskrifast á árinu 2014 er ein kona frá Níkarakva. Áður hafa fjórar konur útskrifast með meistaraþátt frá skólanum. Almennt virðist þó staðan sú að erfiðara sé að fá konur til lengra náms svo fjarri heimahögum, ef til vill vegna fjölskylduskuldbindinga.

Hjá Jarðhitaskólanum starfa sex fastir starfsmenn, þrjár konur og þrjú karlar. Af fjórum sérfræðingum í jarðvísindum/jarðhita eru tveir karlar og tvær konur (forstöðumaður meðtalinn). Um áramótin 2013/2014 tóku tvær konur sæti í námsráði Jarðhitaskólans, þær fyrstu frá upphafi ef eitt ár er

frátalið í byrjun. Jarðhitaskólinn hefur einsett sér að styrkja enn frekar hlut kvenna innan námsráðsins þegar það verður endurnýjað.

Að sögn skólamanna eiga jafnréttismál sem námsefni ekki mikla samleið með orkurannsóknnum og uppbyggingu á sviði jarðhitamála og því hefur ekki verið lögð mikil áhersla á jafnréttismál í kennslunni. Dvölin á Íslandi, ein og sér, sendi nemendum þó mjög skýr skilaboð í þessu sambandi og það sjái forsvarsmenn skólans og upplifi. Utanríkisráðuneytið telur að þó oft á tíðum sé ekki hægt að tengja jafnréttismál við jarðhitaleit og rannsóknir þá sé engu að síður mikilvægt að skólinn hafi þá stefnu að innleiða jafnréttismál í námsefni sitt. Mjög mikilvægt sé t.d. að innleiða jafnréttissjónarmið í alla stefnumótun og áætlanagerð á sviði jarðhitamála, enda geti nýting jarðhita og aðgangur að þeirri orku sem myndast reynst mikið jafnréttismál.

Jafnréttisskóli HSP

Alþjóðlegi jafnréttisskólinn, sem starfað hefur á Íslandi frá árinu 2009, varð formlega hluti af neti HSP hinn 9. maí 2013. Meginmarkmið skólans er að veita sérfræðingum frá þróunarríkjum, sem starfa að jafnréttismálum, þjálfun á sínu sérsviði og gera þeim betur kleift að stuðla að auknu kynjajafnrétti í heimalöndum sínum. Þar sem Jafnréttisskólinn varð ekki hluti af skólum HSP á Íslandi fyrr en um mitt ár 2013 eru framlög til skólans talin með tvíhliða framlögum til þróunarsamvinnu allt tímabilið sem verkefnið nær til.

Stefnumörkun

Auk greiningar á framlögum til þróunarsamvinnu með ofangreindum hætti felst hluti verkefnisins jafnframt í að formgera greininguna með þeim hætti að hún teljist hluti af venjubundinni eftirfylgni við verkefni. Auk þess er mikilvægt að starfsfólk utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands þekki til greiningarinnar og nýti sér hana í starfi.

Haldnir hafa verið kynningarfundir fyrir starfsfólk á þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands þar sem kynjajafnréttisstíkan og notkun hennar var kynnt og gerð grein fyrir innleiðingu stikunnar í almennt verklag í þróunarsamvinnu.

Þá er greiningin tilgreind í þremur stefnuskjölum á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands sem gefin voru út á tímabilinu, þingsályktun um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013–2016, jafnréttisstefnu á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands 2013–2016 og áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar Öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi 2013–2016.

ÞSSÍ hefur enn fremur tekið saman verklagsreglur um framkvæmd jafnréttisstefnunnar í starfsemi stofnunarinnar. Gátlisti um aðkomu beggja kynja og þátttöku þeirra í undirbúningi og framkvæmd verkefna hefur einnig verið innleiddur í verklag ÞSSÍ.

Jafnréttisskóli HSP á Íslandi hélt námskeið í október 2013 um kynjasjónarmið í þróunarsamstarfi fyrir allt starfsfólk stofnunarinnar, jafnt hér heima sem og á umdæmisskrifstofum. Námskeiðinu mun verða fylgt eftir með þjálfun starfsmanna stofnunarinnar í að innleiða kynjasjónarmið í verkefnastjórn og eftirfylgni.

Lokaorð

Í þróunarsamvinnu Íslands er lögð áhersla á að sem mestur árangur náist og er aukið kynjajafnrétti og valdefling kvenna talin órjúfanlegur hluti af árangursríkri þróunarsamvinnu. Enn fremur er aukið jafnrétti talið forsenda þess að þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um þróun náist. Samkvæmt jafnréttisstefnu á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands 2013–2016 skal fylgja framkvæmd hennar markvisst eftir. Í því felst að öll tvíhliða þróunarsamvinna og eyrnamerkt framlög til alþjóðastofnana og félagasamtaka verða greind með kynjajafnréttisstikunni og þannig fylgst með áformum. Í úttektum á verkefnum ÞSSÍ er lagt mat á innleiðingu og framkvæmd og þannig varpað ljósi á árangur á vettvangi, en í undirbúningi verkefna skal tryggja að í þeim sé tekið tillit til þarfa og hagsmuna beggja kynja og leitast við, eftir fremsta megni, að bæði karlar og konur komi að undirbúningi og framkvæmd verkefna. Þá verði haft kerfisbundið eftirlit með starfi alþjóðastofnana og félagasamtaka og þess gætt að kynjasjónarmið séu höfð að leiðarljósi. Með þessum hætti stuðla íslensk stjórnvöld að því að framlög Íslands til þróunarsamvinnu stuðli að framgangi jafnréttismála og valdeflingu kvenna⁶.

Að framkvæmd og framgangi þróunarverkefna sé fylgt eftir er alls um vert þegar stuðla skal að skilvirkni og auknum árangri því, eins og niðurstöður greiningarinnar hér að framan sýna, skortir stundum að framkvæmd sé í samræmi við áform og markmið að því er jafnréttismál varðar. Oft má rekja skort á árangri til verkefnanna sjálfra. Það er að segja, að þættir tengdir jafnréttismálum hafi ekki verið skilgreindir og útfærðir nægilega vel með tilliti til markmiða og aðgerða sem sett eru fram í verkefnaskjölum. Þannig skortir hreinlega að næg áhersla sé lögð á jafnréttismál frá upphafi og líður þá verkefnið fyrir það. Stundum má rekja skort á árangri á þessu sviði til framkvæmdar verkefna, en stundum gengur framkvæmdin erfiðlega vegna utanaðkomandi þátta eða jafnvel hnökra í samskiptum við samstarfsaðila á vettvangi. Að þessu sögðu eru reglulegar úttektir mikilvægar svo hægt sé að bregðast við og gera nauðsynlegar breytingar til að bæta árangur verkefna.

Hafa ber í huga að árangur í þróunarsamvinnu er ekki á ábyrgð eins aðila, heldur viðkomandi gjafaríkis, alþjóðastofnunar eða félagasamtaka og samstarfsaðila á vettvangi. Bera þessir aðilar sameiginlega ábyrgð á því að í undirbúningi og framkvæmd verkefna séu allir liðir skilgreindir, aðgerðir séu marksæknar og að raunhæfir mælikvarðar séu notaðir til að mæla árangur.

Greining á þróunarsamvinnu Íslands slær í takt við aðrar sambærilegar greiningar, rannsóknir og úttektir á þessu sviði á alþjóðavettvangi. Þær sýna allar að stefnur, áætlanir og góður ásetningur eru aðeins fyrsta skrefið til að auka árangur. Framkvæmdin þarf að vera í takt við sett markmið, fylgjast þarf reglubundið með framgangi og nauðsynlegt er að gerðar séu breytingar á verkefnum eða verklagi ef þörf krefur.

⁶ Jafnréttisstefna á sviði Alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands 2013-2016

Reykjavík þann 14. júní 2014

Þórarinna Söebeck
verkefnisstýra og ábyrgðaraðili í umboði ráðuneytisstjóra

Eigandi verkefnisins staðfestir með undirskrift sinni að hafa kynnt sér áfangaskýrsluna, framvindu verkefnisins og næstu skref:

María Erla Marelsdóttir
Skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu